

Fundargerð 162. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 7. október 2015
Fundartími: 19:00 – 22:45
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. **Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 96, dags. 10.09.2015**
 - a) **Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 03.09.2015 – 15 – 13 – 1509001F**
Lagðar fram til kynningar.
2. **Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 97, dags. 28.09.2015**
 - a) **Neistastaðir 166369: Umsókn um byggingarleyfi: Reiðskemmu/geymsla – 1509052**
Fyrirspurn um byggingarleyfi fyrir reiðskemmu/geymslu á Neistastöðum, stærð 373 ferm.
Nefndin samþykkir að falla frá grenndarkynningu skv. 3 mgr. 44. gr. skipulagslaga þar sem sýnt er að umsóknin hefur ekki áhrif á aðra en umsækjanda og sveitarfélag.
Umsókninni er vísað til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
 - b) **Egilsstaðir lóð 196512: Deiliskipulag - 1509058**
Lögð fram umsókn dags. 9. september 2015 sem felur í sér beiðni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps á svæði úr landi Egilsstaða auk þess sem lögð eru fram drög að hugmynd um deiliskipulag. Um er að ræða land með lnr. 196512 sem er 9,8 ha og liggur vestan og norðan við deiliskipulagt svæði fyrir frístundabyggð, vestan Urriðafossvegar. Hugmyndin er að stofna lögbylí á svæðinu og byggja íbúðarhús, gestahús, útihús og iðnaðarhús.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í samræmi við ofnagrent þar sem uppbygging smábýla eins og þeim sem hér er lýst er í góðu samræmi við þá uppbyggingu sem verið hefur í sveitarfélaginu undanfarin ár. Mælt er með að sveitarstjórn samþykki að unnin verði lýsing skipulagsverkefnis sem kynnt verði skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
 - c) **Brimstaðir 200163: Galdramýri: Stofnun lóðar – 1509057**
Lögð fram umsókn dags. 16. september 2015 um stofnun 106,2 ha spildu úr lögbylínu Brimstaðir (lnr.200163) í Flóahreppi. Spildan liggur norðan Villingaholtsvegar milli Ragnheiðastaða, Grænhóla og Fljótshóla I og IV.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun spildunnar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar á tengingu hennar við þjóðveg.
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
 - d) **Langholt 2: Deiliskipulag – 1509072**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta lands Langholts 2 Inr. 166249. Skipulagið nær til um 1 ha svæðis umhverfis bæjartorfu Langholts 2 og felur í sér að afmarkaðir eru tveir byggingarreitir, B1 og B2. Á B1 verður heimilt að reisa allt að 70 fm gestahús og 40 fm gallerí og á reit B2 verðu heimilt að byggja 2 allt að 55 fm frístundahús til viðbótar við núverandi hús sem er 34 fm að stærð.

Að mati skipulagsnefndar er tillagan í samræmi við ákvæði aðalaskipulags sem segir „,Takmörkuð veitinga- og gistiþjónusta og minjagripaverslun er leyfileg á landbúnaðarsvæðum, ef um aukabúgrein er að ræða“ Mælt er með að sveitarstjórn samþykki að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði kynnt aðliggjandi landeigendum.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur skjal sem sýnir afmörkun landspildna sem getið er um í afsölum gefnum út af Bakka sf Tryggvagötu 2A á Selfossi dags. 13. maí 1987. Afsölin eru undirrituð af Sigmari Eiríkssyni og Hreggviði Hermannssyni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 16.09.2015 – 15 – 14 – 1509004F

Lagðar fram til kynningar

3. Frá minjaverði Suðurlands - Loftstaðir eystri dags. 11.09.2015

Erindinu er vísað til skipulags og byggingarfulltrúa, og óskað eftir því að hann upplýsi landeigendur um stöðu málsins og að Loftstaðir verði í hópi forgangsverkefna við skráningu fornleifa árið 2016. Sveitarstjóra falið að senda umsækjendum afrit af erindi Minjastofnunar Íslands.

Sveitarstjórn samþykkir bókunina með 5 atkvæðum

4. Frá minjaverði Suðurlands - Krækishólar í Flóa – viðbragð við breytingum dags. 11.09.2015

Lagt fram til kynningar.

5. Ljósleiðari

Fyrir liggur hönnun á ljósleiðaralögn um Flóahrepp þannig að ekkert er til fyrirstöðu að vinna málið á næsta stig þegar fjármögnun verkefnisins er tryggð. Niðurstöður nefndar Alþingis undir stjórn Haraldar Benediktssonar eru væntanlegar fyrir lok ársins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

6. Erindi frá skólastjóra Flóaskóla vegna launaliðar fjárhagsáætlunar 2015

Lagt fram erindi frá skólastjóra Flóaskóla þar sem fram kemur að launaliður fjárhagsáætlunar ársins 2015 er kominn langt fram úr áætlun. Þar kemur til bæði 9 % hækkun skv. kjarasamningum kennara og afturvirk hækkun vegna starfsendurmats ófaglærðra starfsmanna, sem greidd var út í ágúst. Óvenju mikil forföll voru í starfsmannahópnum sem þurfti að leysa með yfirvinnu, á síðasta skólaári og skýrir það hluta af stöðunni. Óskað verður eftir viðauka vegna Flóaskóla og verður hann lagður fram á næsta fundi.

Sveitarstjórn þakkar upplýsingarnar og beinir þeim tilmælum til stjórnenda Flóaskóla og Krakkaborgar að öllum mögulegum útgjöldum verði frestað að höfðu samráði við sveitarstjóra út fjárhagsárið 2015. Sigurbára Rúnarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Samþykkt með 4 atkvæðum

7. Erindisbréf fræðslunefndar

Afgreiðslu frestað

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Æskulýðs- og tómsfundanefnd – Zone félagsmiðstöð

Lagt fram erindi frá æskulýðs- og tómstundanefnd þar sem óskað er eftir umfjöllun sveitarstjórnar um húsnæðismál Félagsmiðstöðvarinnar Zone.

Félagsmiðstöðin er í Þjórásarveri og ekki er fyrirhugað að færa hana þaðan.

Sveitarstjórn óskar eftir fundi með Æskulýðs og tómstundanefnd í Þjórásarveri til þess að fara yfir framtíðarsýn nefndarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá Atvinnu- og umhverfisnefnd – átak í umhverfismálum

Lögð fram bókun úr fundargerð umhverfisnefndar Flóahrepps þar sem lagt er til að Flóahreppur standi að umhverfisátaki meðal íbúa og annarra sem bera ábyrgð á landi og umgengni um land og aðrar eignir í Flóahreppi. Markmið verkefnisins er að bæta umgengni og ásýnd. Verkefninu yrði fylgt eftir í samstilltu átaki sveitarfélagsins, íbúa og landeigenda, félagasamtaka og sorphirðuaðila.

Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í verkefnið en leggur áherslu á að virkja þarf samtakamáttinn sem mest. Nánari útfærslu á vinnunni vísað til atvinnu og umhverfisnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá Fjölmenningarsetri

Lagt fram erindi frá Sigríði G. Ásgeirsdóttur f.h. Fjölmenningarseturs þar sem óskað er eftir upplýsingum um móttöku áætlanir vegna innflytjenda.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um gervigrasvelli

Lögð fram ályktun Heimilis og skóla vegna gervigrasvalla. Þar er farið fram á að sveitarfélög endurnýji þá velli sem þaktir eru dekkjakurli. Erindinu vísað til umsjónarmanns fasteigna og tæknisviðs og óskað eftir kostnaðaráætlun vegna endurbóta á vellinum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað – Merkurhraun 11

Lögð fram beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna „rekstrarleyfis fyrir gististað, flokkur II“, í Merkurhrauni 11.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt en bendir á að af eigninni ber að greiða fasteignaskatt skv. reglum um húsnæði til atvinnurekstrar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Frumvarp til laga um náttúruvernd

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum að vaxandi fjöldi ferðamanna, án þess að innviðir samfélagsins hafi verið nægilega undirbúnir. Til athugunar ætti að vera að takmarka svokallaðan almannarétt til umferðar, tjöldunar og gistingar í húsbílum bæði á opnum svæðum og eignarlöndum, meira en gert er ráð fyrir í frumvarpinu til þess að koma í veg fyrir, sóðaskap og náttúruspjöll. Að öllu óbreyttu verða óhjákvæmilega árekstrar við landeigendur sem eru hver og einn landverðir á sínum svæðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Frumvarp til laga um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Engar athugasemdir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs

Engar athugasemdir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu

Engar athugasemdir
Samþykkt með 5 atkvæðum

17. Eigendastefna fyrir Þjóðlendum – umsagnar óskað vegna verklýsingar

Engar athugasemdir
Samþykkt með 5 atkvæðum

18. Tillaga starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til fjölgunar á hjúkrunarrýmum

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sveitarfélögin í Árneseýlsu standi saman að uppbyggingu 60 hjúkrunarrýma á Selfossi ásamt því að aukin verði framlög til heimahjúkrunar á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum

19. Framtíðarþing um farsæla öldrun á Suðurlandi styrkbeiðni

Lagt fram erindi Guðlaugar Jónu Hilmarsdóttur félagsmálastjóra hjá félagsþjónustu Árborgar og ritara í öldrunarráði Íslands þar sem óskað er eftir 50.000 kr framlagi frá Flóahreppi til styrktar „Framtíðarþingi um farsæla öldrun“ á Suðurlandi sem áætlað er að halda í Grænumörk 5 í byrjun nóvember 2015.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir styrk kr. 50.000 til verkefnisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

20. Erindi frá HSK – styrkbeiðni vegna útgáfu heimildarmyndar

Lagt fram erindi frá Engilbert Olgerissyni f.h. HSK þar sem farið er fram á styrk kr. 30.000 vegna framleiðslu á heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á erindinu þar til fyrir liggja nánari upplýsingar um fjármögnun verkefnisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

21. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

22. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 161 , dags. 02.09.2015

Lögð fram til kynningar

b) Fræðslunefndar nr. 86, dags. 15.09.2015

Bent er á, varðandi 1. lið að ekki er heimilt að skipta fundinum í tvennt án þess að skrifa 2 fundargerðir og fá undirritanir á hverja þeirra fyrir sig.

Fundargerðin að öðru leyti, lögð fram til kynningar.

c) Æskulýðs og tómstundanefndar nr. 26, dags. 21.09.2015

Lögð fram til kynningar

d) Atvinnu- og umhverfisnefndar, dags. 30.09.2015

Lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn tekur undir með Atvinnu- og umhverfisnefnd þar sem bent er á nauðsyn þess að sýnileiki Íslenska gámafélagsins verði aukinn og að stöðugt þarf að minna á mikilvægi flokkunar og góðrar umgengni. Sveitarstjóra falið að afla gagna hjá Íslenska gámafélaginu varðandi flokkun frá Flóahreppi.

Samþykkt með 5 atkvæðum

e) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna nr. 13 dags. 13.08.2015

Lögð fram til kynningar

f) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna nr. 14 dags. 24.09.2015

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir skoðun rekstrarstjórnar um að Þjósárver eigi fyrst og fremst að hýsa skólustarf og félagslíf barna og unglunga í Flóahreppi.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) **Undirbúningshóps vegna merkinga gönguleiða dags. 28.09.2015**
Lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar byggðasamlags um skipulags og byggingarfulltrúa nr. 26, dags. 10.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- i) **Stjórnar byggðasamlags um skipulags og byggingarfulltrúa nr. 27, dags. 28.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- j) **Skólalþjónustu og velferðarnefndar Árneshóps nr. 11, dags. 22.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- k) **Stjórnar byggðasamlagsins Bergrisans nr. 15 dags. 15.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- l) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneshóps nr. 173, dags. 01.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- m) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneshóps nr. 174, dags. 28.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- n) **Aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 25.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- o) **Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga nr. 21, dags. 25.08.2015**
Lögð fram til kynningar
- p) **Stjórnar SASS nr. 497, dags. 04.09.2015**
Lögð fram til kynningar
- q) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 830, dags. 11.09.2015**
Lögð fram til kynningar

23. Efni til kynningar:

- a) **Afrit af erindi frá stjórn Veiðifélags Þjórsár til Skipulagsstofnunar dags. 12.09.2015**
Í erindinu er farið fram á endurskoðun á matsskýrslu á umhverfisáhrifum vegna hugsanlegra framkvæmda við Hvammsvirkjun í Þjórsá. Skýrslan var lögð fram af Landsvirkjun í apríl 2003 og Skipulagsstofnun úrskurðaði um hana 19. ágúst 2003
Lagt fram til kynningar
- b) **Samningur um ytra mat á skipulagi og framkvæmd þjónustu við leik- og grunnskóla í sjö sveitarfélögum í Árneshóps dags. 21.09.2015**
Lagður fram til kynningar samningur við Gerði Óskarsdóttur um ytra mat á þjónustu við leik og grunnskóla í sjö sveitarfélögum í Árneshóps.
- c) **Afrit af erindi frá Hreggviði Hermannssyni, til byggingarfulltrúa Flóahrepps dags. 06.09.2015**
Lagt fram til kynningar
- d) **Frá undirbúningshópi um Sunnlenska skólalaginn dags. 02.09.2015**
Fram kemur að ekki hefur fengist það fjármagn sem hópurinn átti von á til þess að standa staum að undirbúningi Sunnlenska skólalagsins sem áætlað var að halda 2015. Málið er því í biðstöðu en enn er unnið að því að leita leiða.
Lagt fram til kynningar
- e) **Frá Heilbrigðiseftirliti dags. 14.09.2015 – niðurstöður örverugreiningar**
Lagðar fram til kynningar upplýsingar um vatnssýni úr Félagsheimilinu Þingborg. Sýnin standast kröfur HSU
- f) **Frá SASS dags. 22.09.2015 – Tillögur fyrir ársþing, frestur til 9. október**
Lagðar fram til kynningar upplýsingar um ársþing SASS og aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands, sem haldnir verða á þinginu í Vík í Mýrdal, dagana 29. og 30. október.

g) Innsend gögn frá Flóahreppi til þingmanna Suðurlands í kjördæmaviku dags. 29.09.2015

Lögð fram til kynningar.

24. Önnur mál:

Lagt fram erindi frá skólastjóra Flóaskóla dags. 5. okt. þar sem farið er fram á heimild til tilfærslu milli fjárhagsliða. Sveitarstjóra falið að skoða málið frekar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri